

116. fundur skráningarráðs, haldinn, mánudaginn 28. janúar 2019 í húsakynnum Landskerfis bókasafna kl. 13-15

Fundarmenn: Rósa S. Jónsdóttir, Helga Kristín Gunnarsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir og Áslaug Þorfinnsdóttir (fundarritari).

Einnig sátu fundinn Hallfríður Kristjánsdóttir, gæðastjóri Gegnis, og Sigrún Hauksdóttir, þróunarstjóri Gegnis.

1. Fundargerð síðasta fundar var lesin og samþykkt.
2. Erindi varðandi rafbókafærslur frá Cambridge-Core.

Dögg og starfsmenn Landsbókasafns – Háskólabókasafns eru að vinna að fixi til að koma þessum færslum í Gegni.

3. RDA Toolkit og nýtt kerfi

Von er á nýjum vef sem tekur við af RDA Toolkit. Búið er að koma á fót vinnuhóp á Landsbókasafni – Háskólabókasafni sem fylgist með þróun vefsins og breytingum. RDA Toolkit mun vera virkur í ár eftir að nýi vefurinn verður opnaður.

4. Umsókn vegna skráningarleyfis.

Umsókn samþykkt.

5. Erindi frá efnisorðaráði

Efnisorðaráð leggur til að stofnaður verði hópur um vafamál varðandi lyklun barnabóka. Hópurinn búi til dæmi og skýrar reglur og setji fram í Handbók skrásetjara. Tillaga að skipan: Fulltrúar frá Landsbókasafni, Sóley Hjartardóttir (umsjónarmaður Handbókar skrásetjara) og Kristín Lilja Thorlacius Björnsdóttir (skrásetjari) ásamt fulltrúa almenningsbókasafna og fulltrúa skólabókasafna

Formaður Skráningaráðs verður í sambandi við Rögnu Steinarsdóttur um skipun og stofnun vinnuhóps um efnisorðagjöf barnabóka. Stungið var upp á Þorbjörgu Karlsdóttur fyrir hönd almenningsbókasafna og Dröfn Vilhjálmsdóttur fyrir hönd skólabókasafna. Ekkert er því til fyrirstöðu að hópurinn verði stærri.

6. Erlendir sérstafir

Mælst er til þess að skrásetjarar noti erlenda sérstafi úr sérstafatöflu. Hallfríður mun sjá um að koma þessu inn í Handbók skrásetjara.

7. Staðan á nýju kerfi

Sveinbjörg Sveinsdóttir kemur á fundinn og upplýsir um stöðu mála varðandi nýtt bókasafnskerfi. Hafnir eru samningar við Innovative og verkefnaáætlun væntanleg í febrúar. Hægt er að fylgjast með stöðunni á heimasíðu Landskerfis bókasafna undir flípanum Kerfi.

Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 26. febrúar 2019, kl. 9:30 í húsakynnum Landskerfis bókasafna.